

Ed.

496. Frumvarp til laga

[233. mál]

um breyting á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Páll Þorsteinsson, Jón Helgason.

1. gr.

- Á eftir 27. gr. laganna, á undan V. kafla, komi tvær nýjar greinar, þannig:
- a. (28. gr.) Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins skal starfrækja rannsóknastofu á Ísa-firði, Sauðárkróki, Húsavík, Höfn í Hornafirði og í Vestmanneyjum og einnig, ef ráðherra ákveður, á öðrum fiskvinnslusvæðum. Skulu rannsóknastofur þessar veita fiskiðnaði viðkomandi landshluta þjónustu með rannsóknum, gæðaeftirliti og leiðbeiningum, gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins eins og við á.
 - b. (29. gr.) Rétt er að leita samstarfs við fiskiðnað á viðkomandi svæði og sveitarfélag um starfrækslu rannsóknastofu, sem um getur í 28. gr. Sömuleiðis skal athugað að nýta aðstöðu og samstarf við menntastofnanir á staðnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum þeim, sem talið er, að muni verða samþykkt í Bandaríkjunum í ár um hollustuhætti í fiskiðnaði, verða gerðar stórauknar kröfur til gæðaeftirlits og meðferðar á öllum fiski í fiskvinnslustöðvum hér á landi, sem framleiða fyrir Bandaríkjamarkað. Í frumvarpi því, sem þegar hefur verið samþykkt í Öldungadeild Bandaríkjaþings, er gert ráð fyrir, að umsjónarmenn heimsæki öðru hverju slíkar fiskvinnslustöðvar og hafi þeir heimild til þess að stöðva innflutning frá þeim fiskvinnslustöðvum, sem ekki fullnægja settum reglum.

Undanfarin ár hefur starfað svonefnd tillögunefnd um hollustuhætti í fiskiðnaði. Er það meginverkefni hennar að gera tillögur um þær breytingar, sem nauðsynlegar verða á fiskvinnslustöðvum hér á landi. Jafnframt hefur verið vakin athygli á því, að stóruka þarf þjónustu og eftirlit með fiskvinnslustöðvunum. Eðlilegt hefur verið talið, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annist það eftirlit.

Sú þjónusta, sem hér er um að ræða við fiskiðnaðinn, verður aldrei framkvæmd, svo að vel sé, nema sérfræðingar séu staðsettir í landshlutunum. Með þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því að koma upp fimm slíkum rannsóknastöðvum til að byrja með. Ætla verður, að unnt sé að sinna hinum mikilvægu fiskvinnslustöðvum á Suðurlandi, Suðvesturlandi og Vestfjörðum frá aðalstofnuninni í Reykjavík. Þó má vel vera, að nauðsynlegt reynist að fjölga rannsóknastofnunum, og er ráðherra veitt heimild til þess.

Í b-lið 1. gr. frumvarpsins er lögð áherzla á, að leitað verði samstarfs við fiskiðnað og sveitarstjórn viðkomandi staðar. Er hér að nokkru farið að því fordæmi, sem skapast hefur í Vestmannaeyjum. Þar er að hefjast starfræksla rannsóknastofu, og er gert ráð fyrir því, að um samvinnu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og fiskvinnslustöðva í Vestmannaeyjum verði að ræða. Eðlilegt virðist, að einnig sé leitað til sveitarstjórna um samstarf. Loks er sjálfsagt að nýta aðstöðu, sem fánleg kann að vera við menntastofnanir á viðkomandi stað, háðum aðilum til hagsbóta. Sérfræðingur getur t. d. tekið að sér kennslu og nemendur kynnt rannsóknastarf-seminni.

Með þjónustu þeirri, sem rætt er um í frumvarpi þessu, er átt við rannsóknir á hinum ýmsu þáttum fiskvinnslunnar, t. d. gerlarannsóknir, sem stöðugt verða

mikilvægari, athuganir á allri meðferð á fiski, söfnun margs konar upplýsinga, almennt gæðaeftirlit og leiðbeiningastarfsemi. Að sjálfsögðu mundu fiskvinnslustöðvar greiða fyrir þjónustu samkvæmt gjaldskrá rannsóknastofnunarinnar. Þó er nauðsynlegt, að stofan hafi nokkur fjárráð til sjálfstæðra athugana.

Hins vegar er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að viðamikil sjálfstæð rannsóknastarfsemi fari fram á slíkri stofu. Eðlilegra er, að þær rannsóknir séu framkvæmdar í höfuðstöðvum stofnunarinnar í Reykjavík, enda yrði að sjálfsögðu náið samband á milli þeirra, sem þar starfa, og sérfræðings í rannsóknastofu, sem um ræðir í þessu frumvarpi.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja, að ekki þurfi að reynast mjög kostnaðarsamt að koma upp rannsóknastofum þeim, sem hér um ræðir, ef leitað er þess samstarfs við aðila heima fyrir, sem lagt er til að gert verði. Hins vegar ber þó að leggja ríka áherzlu á þá staðreynd, að umrædd þjónusta verður svo mikilvæg fyrir íslenzkan fiskiðnað, að sjálfsagt virðist vera að verja nokkru fjármagni til þess að koma henni á fót.